

Eystrahorn

16. tbl. 38. árgangur

Fimmtudagurinn 30. apríl 2020

www.eystrahorn.is

Hirðingjarnir okkar, samkennd og samhjálp.


Mig langaði að koma á framfæri þökkum til Hirðingjanna frá okkur á Skjólgarði og heilbrigðisstofnuninni en Hirðingjarnir eru ávallt vakandi fyrir því hvað getur aukið velliðan íbúa og starfsfólks á Skjólgarði og heilsugæslunni. Mig langar líka að minnst á hversu mikilvæg svona starfsemi eins og Hirðingjarnir eru, en auk þeirra eru nokkur önnur líknarfélög í samfélaginu sem láta gott af sér leiða, og er það vel. Það er ekki bara við sem þiggjum, sem njótum góðs af gjöfum Hirðingjanna, heldur hafa rannsóknir sýnt að þeir sem vinna í sjálfboðavinnu og gefa af sér hafa oftar en ekki betri heilsu en aðrir. Við getum látið það vera hvatnigu til okkar hinna, en þetta er aldeilis góð aukaverkun þess að láta gott af sér leiða og gott til þess að vita að einhver umbun er fyrir þeirra góðu verk.

Hirðingjarnir gáfu á síðasta ári mjög góðan sófa á kaffistofu heilsugæslunnar, og fer mjög vel um starfsfólk hennar í nýja sófanum. Hirðingjarnir voru búnir að horfa til þess lengi að gefa stofunni okkar á Skjólgarði



andlitslyftingu með nýjum húsbúnaði og voru einbeittar á að safna fyrir því, en þær voru töluvert dýrar. Sófasettið barst svo á Þorranum, og er gríðarlegur munur að vera með fallegar, þægilegar muðlur sem eru sérstaklega hannaðar fyrir hjúkrunarheimili. Nýja sófasettið fegraði stofuna okkar til muna, bæði eru þetta þægilegir stólar og svo er heildarsvipur stofunnar mun fallegri. Það eru ýmsir þættir sem leggja til velliðunar íbúa á hjúkrunarheimili og eitt af því er fallett umhverfi. Hirðingjarnir gáfu líka sófa og hækkanlegt skrifborð inná skrifstofu hjúkrunarstjóra, en herbergið nýttist mun betur vegna þess til fjölskyldufunda og vinnufunda. Einnig hefur herbergið nýst starfsfólki sem hvíldaraðstaða þegar því er komið við. En þetta var ekki búið. Hirðingjarnir eru náttúrulega óstöðvandi og laða einnig að sér aðra sem vilja gefa okkur gjafir. Líkur sækir líkan heim og lagði Gunnars Ásgeirsson og fjölskylda til mjög höfðinglega gjöf til Hirðingjanna til að kaupa mætti nýtt sjónvarp og hljóðkerfi. Kunnum við þeim djúpar þakkir fyrir og þarna komu Hirðingjarnir sterkir inn sem milligönguaðilar við þessa rausnarlegu gjöf. Ómetanlegt er að finna þennan góða hug frá einstaklingum í samfélaginu og er það gífurlega nærandi fyrir starfið okkar.

Við þökkum líka Guðrúnu Ingólfsdóttur, Gingó, fyrir að lána okkur samtímalist eftir sig, og er búið að vera virkilega gaman að skipta út eldri list fyrir yngri um stundarsakir.



Takk Hirðingjar fyrir að vera til og láta endalaust gott af ykkur leiða. Djúpar þakkir til ykkar.

Mig langar að fá að hnýta aftan við þetta persónulegri kveðju frá undirritaðri en ég er að hætta sem hjúkrunarstjóri á Skjólgarði og fer til annarra starfa. Ég þakka öllum þeim sem hafa tekið á móti mér hér í samfélaginu með velvild, virðingu og hjálpsemi, ég fer héðan með dulitlum trega, ríkari af reynslu en finnst einnig eins og Hornafjörður eigi alltaf dágóðan slatta í mér eftir þennan tíma. Góðar stundir.

Fyrir hönd Skjólgarðs,

*Helena Bragadóttir
fráfarandi hjúkrunarstjóri*

Hvatning til hreyfingar fyrir alla bæjarbúa

Verkefnið Hjólað í vinnuna fer fram 6.-26. maí nk. Þótt verkefnið heiti Hjólað í vinnuna viljum við hvetja alla bæjarbúa til að fá sér hjólatúr helst daglega, því hjólreiðar er frábær útivist, hreyfing og líkamsrækt. Það er alveg hægt að vera með án þess að skrá sig til keppni.

Þeir vinnustaðir sem vilja taka þátt í keppninni er bent á að skrá starfsmenn sína inn á hjoladivinnuna.is. Gaman væri og hvetjandi fyrir alla að sem flest fyrirtæki á Höfn sæju sér fært um að taka þátt í keppninni.

Hjólað í vinnuna er góð leið til þess að hressa upp á stemninguna og þjappa hópnum saman, en auðvitað á sama tíma að virða 2 metra fjarlægðarmörkin. Útfærslan er einföld. Fólk gengur, hjólar eða ferðast með öðrum virkum hætti þá vegalengd er samsvarar vegalengd til og frá vinnu og skráir þá kílómetra inn í kerfið. Hægt er að byrja eða enda vinnudaginn á því að ganga eða hjóla til og frá vinnu.



Markmið verkefnisins er að huga að daglegri hreyfingu ásamt því að vekja athygli á virkum ferðamáta og eru hjólreiðar bæði virkur og umhverfisvænn ferðamáti.

Hægt er að nálgast blaðið og eldri blöð á www.eystrahorn.is

HÚSNÆÐI ÓSKAST

ÍSTAK HF. leitar að **húsnæði/sumarbústað** til leigu í Suðursveit eða á Höfn, 15. maí- 31.okt.

Nánari upplýsingar í síma: 897-6337 eða hjalmur@istak.is

ÍSTAK



Bifreiðaskoðun á Höfn
11., 12. og 13. maí.

Tímappantanir í síma 570-9090 fyrir kl. 16:00 föstudaginn 8. maí. Næsta skoðun 22., 23., og 24. júní.

Frumherji

Þegar vel er skoðað

Vildaráskrift Eystrahorns

Við viljum hvetja lesendur Eystrahorns að kynna sér vildaráskriftina.

Peir sem vilja styrkja útgáfuna geta greitt frjálst framlag, svokallaða vildaráskrift inn á reikning útgáfunnar. Hægt er að greiða áskriftina t.d. mánaðarlega, nokkra mánuði í einu eða eins og hentar hverjum og einum. Vildaráskriftin er frjálst framlag t.d. 1000 kr. á mánuði.

HLS ehf.

Rnr. 537-26-55002

kt.500210-2490



Myndvinnsla, umbrot og auglýsingagerð.

Hafðu samband:

tjorvi@upplausn.is

eða í síma 848-3933.

Svalbarð 5 • Sími: 848-3933

Útgefandi:..... HLS ehf.

Ritstjóri og

ábyrgðarmaður: Tjörvi Óskarsson

Netfang: tjorvi@eystrahorn.is

Prófaralestur Guðlaug Hestnes

Umbrot: Tjörvi Óskarsson

Prentun: Litlaprent

ISSN 1670-4126



Eystrahorn



Sveitarfélagið

HORNAFJÖRÐUR



HEILSUEFLANDI SAMFÉLAG
Sveitarfélagið Hornafjörður
vildan fyrir alla

Leikskólakennara eða leiðbeinanda vantar til starfa í leikskólann Lambhaga í Örafum frá 12. ágúst 2020

Húsnæði á staðnum

Helstu verkefni og ábyrgð:

Að skipuleggja og vinna að uppeldi og menntun leikskólabarna samkvæmt starfslýsingu.

Hæfniskröfur:

- Leikskólakennaramenntun eða önnur sambærileg uppeldismenntun æskileg.
- Reynsla af uppeldis- og kennslustörfum með ungum börnum æskileg.
- Lipurð og sveigjanleiki í samskiptum.
- Frumkvæði í starfi og faglegur metnaður.
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð.

Leikskólinn Lambhagi er lítill sveitaskóli samrekinn með Grunnskólanum í Hofgarði.

Þar dvelja að jafnaði um 6 börn á aldrinum eins til fimm ára. Í starfinu er lagt upp úr góðum samskiptum í samræmi við uppeldisstefnuna Uppeldi til ábyrgðar, einnig er áhersla á að nýta náttúruna í nánasta umhverfi skólans.

Skemmtileg vinna í boði fyrir einstaklinga sem hafa gaman af því að vinna með börnum.

Laun eru greidd samkvæmt samningum launaneftar Sveitarfélaga og viðeigandi stéttarfélags.

Umsóknir ásamt ferilskrá berist til Brynju Kristjánsdóttur skólalastjóra á netfangið brynjahof@hornafjordur.is



Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / www.hornafjordur.is

Sóknarfæri ferðapjónustunnar á Suðurlandi



SÓKNARFÆRI FERÐAÞJÓNUSTUNNAR

65 milljónir í nýtt áhersluverkefni
Sóknaráætlunar Suðurlands á vegum
SASS - til stuðnings ferðapjónustunni
á Suðurlandi vegna COVID-19
veirunnar

Verkefnið Sóknarfæri ferðapjónustunnar er nýtt áhersluverkefni Sóknaráætlunar Suðurlands á vegum Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga (SASS). Stjórn SASS samþykkti á fundi sínum 22. apríl s.l. að hrinda verkefninu af stað til að styðja við starfandi fyrirtæki í ferðapjónustu á Suðurlandi, sem orðið hafa fyrir tekjutapi vegna fækkunar ferðamanna á Íslandi vegna COVID 19. Heildarframlag SASS til verkefnisins eru 65 m.kr. Verkefnið skiptist í þrjá eftirfarandi verkþætti:

Stuðningur við markaðssókn landshlutans gagnvart innlendum ferðamönnum í sumar sem unnið verður að á vegum Markaðsstofu Suðurlands. Verkefnið fylgir áherslum ríkisins um að

styðja við innlenda ferðapjónustu á þessu ári. Rekstraraðilar og sveitarfélög eru hvött til að taka þátt í átakinu og auka þar með slagkraft þess. Heildarframlag SASS til þessa átaks er 8 m.kr.

Stofnun nýs samkeppnissjóðs Sóknaráætlunar Suðurlands undir heitinu Sóknarfæri ferðapjónustunnar. Þar sem fyrirtæki í ferðapjónustu og fyrirtæki sem hafa megin tekjur sínar af ferðamönnum og ferðapjónustu geta sótt um verkefnastyrki að fjárhæð 500 þ.kr. Samhliða því af fá styrk mun fyrirtækjum standa til boða handleiðsla og ráðgjöf á vegum SASS, aðgengi að sérfræðipjónustu og sérsniðinni fræðslu út frá þörfum umsækjenda. Til úthlutunar í formi verkefnastyrkja verða samtals 48 m.kr og markmiðið er að styðja 96 fyrirtæki.

Fræðsla og miðlun þekkingar til ferðapjónustufyrirtækja, s.s. sérhæfð námskeið og sérfræðipjónusta til handa styrkþegum sem tengjast úrræðinu hér að framan. Auk þess verður boðið upp á ýmiss opin námskeið, fyrirlestra og stuðningsefni. Heildarkostnaður fræðsluþáttarinn er áætlaður 8 m.kr. Auk kynningar á átakinu 1 m.kr.

Viltu taka þátt í að kynna áfangastaðinn Suðurland?

Fyrirtæki eru hvött til að vinna að markaðssetningu gagnvart innlendum ferðamönnum í sumar. Rekstraraðilar eru hvattir til að setja sig í samband við Markaðsstofu Suðurlands og taka þátt í kynningarverkefnum þeirra fyrir landshlutann. Fyrirtæki geta jafnframt sótt um styrk hjá SASS til að vinna að slíkum verkefnum.

Viltu sækja um verkefnastyrk?

Nýr sjóður hefur verið settur á laggirnar í tengslum við áhersluverkefnið og geta fyrirtæki í ferðapjónustu sótt um verkefnastyrki til að vinna að eigin verkefnum. Opíð verður fyrir umsóknir í sjóðinn til kl. 16:00 þann 12. maí næst komandi. Úthlutunarreglur og nánari upplýsingar eru að finna á vef SASS (sass.is). Eru fyrirtæki hvött til að nýta sér úrræðið og setja sig í samband við ráðgjafa á vegum SASS.

Viltu þiggja fræðslu?

Samhliða ofangreindum aðgerðum verða ýmiss fræðsluverkefni í boði fyrir fyrirtæki á Suðurlandi. Við mælum því með að fylgst sé með tilkynningum á vef SASS, skráð ykkur á póstlista SASS eða fylgst með á fésbókarsíðu SASS.

Opnir kynningarfundir

Nánar verður farið yfir verkefnið á opnum kynningarfundum fyrir ferðapjónustuaðila á næstu dögum. Fundirnir verða með rafrænum hætti og fer skráning á þá fram á heimasíðu SASS. Jafnframt veita ráðgjafar á vegum SASS nánari upplýsingar ásamt undirrituðum.

*Þórður Freyr Sigurðsson, sviðsstjóri
Þróunarsviðs SASS (thordur@sass.is)*

*Dagný H. Jóhannsdóttir,
framkvæmdastjóri Markaðsstofu
Suðurlands (dagny@south.is)*

Ný upplýsingaskilti og skemmtilegur ratleikur



Undanfarið hafa verið sett upp ný upplýsingarskilti á Höfn þar sem saga sveitarfélagsins er dregin fram. Á upplýsingaspjöldunum ferðumst við aftur í tímann að upphafi byggðar 1897 og skoðum lífið á Höfn fyrr á tímum. Við gerð skiltanna var stiklað á stóru í sögu Hafnar og megin þáttum samfélagsins gerð skil.

Skiltin eru 27 talsins og samhliða þeim var hannaður ratleikur fyrir fjölskylduna sem gaman er að hafa með sér þegar gegnið er á milli skilta og sagan rifjuð upp. Ratleikurinn er aðgengilegur á vefsíðu Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar, mmh.hornafjordur.is

Ferðapjónusta til framtíðar

Á tímum sem þessum er gott til þess að hugsa að sunnlensk ferðapjónusta hefur verið byggð upp af fagmennsku og framsýni á löngum tíma. Frumkvæði, nýsköpun, seigla og dugnaður aðila hefur komið Suðurlandi á kortið sem áfangastað ferðamanna sem eftir er tekið víða um heim. Landshlutinn skartar fjölda þekktra náttúruperla sem fyrst og síðast laða ferðamenn til landsins og þaðan inn til landshlutans. Þar hefur gestum gefist kostur á að upplifa landshlutann með ýmsum hætti m.a. í gegnum fjölbreytta afþreyingu, menningu og matarupplifun.

Með öflugri vörubrúun og markaðssetningu hefur okkur á Suðurlandi tekist að byggja upp öflugan heilsárs atvinnugrein. Það hefur skapað ný tækifæri fyrir byggðarlög sem svo er forsenda fjölbreytts mannlífs og framgangs samfélaga.

Á þessum fordæmalausu tímum sem við lifum nú, á Suðurland mikið undir því hvernig málin þróast. Áhrifin á fyrirtækin, sem mörg hver eru lítil og meðalstór fjölskyldufyrirtæki, eru og verða gríðarleg. Ljóst er að ekki verður

hægt að koma í veg fyrir neikvæð áhrif á rekstur þessara fyrirtækja í þeirri alheimskreppu sem nú gengur yfir og munu áhrifin koma niður á Suðurlandi líkt og annars staðar. Engu að síður er mikilvægt á þessum tímum að miða ákvarðanir og aðgerðir að þeirri sviðsmynd sem við viljum sjá við enda ganganna. Hvers konar atvinnugrein viljum við sjá að þessu tímabili loknu og hvers konar áfangastað viljum við eiga þegar stormurinn er liðinn hjá?

Því skiptir máli að tekin sé ákvörðun um að standa vörð um fyrirtækin á landsbyggðinni. Ekki eingöngu til að tryggja að áfangastaðurinn sé í raun til staðar þegar um hægist heldur einnig útrá byggðarsjónarmiðum. Stjórnvöld geta nefnilega með aðgerðum sínum eða þeirri ákvörðun að ráðast ekki í aðgerðir, haft áhrif á þá útkomu. Standa þarf vörð bæði um þau samfélög og þau fyrirtæki sem hafa verið byggð upp undanfarin ár af þeirri elju og seiglu sem áður gat um. Þegar um hægist eigum við eftir að standa frammi fyrir gríðarlegri samkeppni við önnur lönd og áfangastaði sem



Dagný H. Jóhannsdóttir

einnig munu berjast um athygli og áhuga fólks til ferðalaga. Þá mun skipta máli að til staðar séu samfélög og fyrirtæki til að taka á móti ferðamönnum af þeirri þekkingu og reynslu sem hefur verið byggð upp síðustu ár.

Aðgerðir stjórnvalda á tímum sem þessum skipta sköpum og þá ekki bara fyrir Suðurland eða sunnlensk fyrirtæki. Mikilvægt er að slá skjaldborg um fyrirtækin í landinu og þar með samfélögin og heimilin. Þá þarf að líta til lengri tíma eða allavega fram að næsta sumri. Með því að tryggja rekstrarhæfi fyrirtækja í greininni skapast grundvöllur fyrir þau til að halda sjó, tryggja að þekking og reynsla haldist innan

fyrirtækjanna sem munu, nú sem fyrir, nýta krafta sína í vörubrúun, nýsköpun og markaðssetningu til framtíðar. Mun það ekki einungis halda lífi í byggðunum, heldur vera grunnforsenda þess að áfangastaðurinn Ísland og þar með Suðurland sé í stakk búið að komast hratt og vel útúr lægðinni sem nú geisar. Gríðarleg mistök yrðu fólgin í því að tapa þeirri þekkingarauðlind sem byggð hefur verið upp í greininni síðustu ár og áratugi og í raun skilja milli feigs og ófeigs í alþjóðlegri samkeppni áfangastaða næstu misserin.

Dagný H. Jóhannsdóttir
Framkvæmdastjóri Markaðsstofu
Suðurlands

SÓKNARFÆRI FERÐAÞJÓNUSTUNNAR

Sóknarfæri ferðapjónustunnar er áhersluverkefni á vegum Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga (SASS) og nýr samkeppnissjóður Sóknaráætlunar Suðurlands vegna COVID 19. Sjóðurinn hefur það hlutverk að styrkja verkefni starfandi ferðapjónustufyrirtækja og fyrirtækja sem hafa megin tekjur sínar af ferðamönnum og ferðapjónustu.

- Veittir verða verkefnastykir að upphæð 500.000 krónur
- Handleiðsla ráðgjafa á vegum SASS til stuðnings verkefninu
- Aðgengi að sértækri fræðslu og sérfræðipjónustu

Markmið Sóknarfæra ferðapjónustunnar

- Styðja við starfandi fyrirtæki í ferðapjónustu á Suðurlandi sem orðið hafa fyrir tekjutapi vegna fækkunar ferðamanna á Íslandi
- Styðja við verkefni fyrirtækja til markaðssóknar og hagnýtingar tækifæra
- Til að bregðast við erfiðleikum í rekstri



SÓKNARÁÆTLUN
SUÐURLANDS



Umsóknarrestur er til kl. 16:00
þann 12. maí næstkomandi.

Umsóknir skilast inn á sass.is



SASS
SAMTÓK
SUNNLENSKRA
SVEITARFÉLAGA

Sérð þú tækifæri á innlendum markaði ferðamanna í sumar?

Er unnt að hagnýta einhver tækifæri í þínum rekstri á þessum tímum?

Er þörf á fjárhagslegri endurskipulagningu?

Eru markaðsáætlanir tilbúnar gagnvart erlendum ferðamönnum þegar glugginn opnast að nýju?

SKÍÐA- OG BRETTANÁMSKEIÐ GLACIER JOURNEY, FYRIR BÖRN Á ALDRINUM 6-10 ÁRA OG 11- 14 ÁRA. NÁMSKEIÐIN ERU FYRIR BYRJENDUR OG LÍTT REYNDA.

Hámark 12 börn á hverju námskeiði sem eru í 4 daga námskeið, dagskrá frá kl.10:00-15:00 alla dagana. Fyrsta námskeiðið hefst fimmtudaginn 4. júní, ný námskeið hefstjast alla fimmtudaga þar frá.

Dagskrá námskeiðs:

Daginn fyrir námskeið kl. 18:00

Við hittumst í veitingastaðnum í Flatey, kynnumst hvert öðru, tölum um hvernig kennslunni er háttað, fórum yfir hvernig skíðabúnaður virkar svo allir hafi sinn búnað tilbúinn og hvað við viljum sjá nemendur geta eftir námskeiðið. Þeir nemendur sem koma með sinn eigin búnað fara yfir hann með kennurum til að vera viss um að allt sé rétt stillt og virki vel.

Á þessum degi láta foreldrar kennara vita ef börnin eru með ofnæmi eða annað sem tengist heilsufari barnanna og nauðsynlegt er fyrir kennara að vera meðvitaðir um.

Dagur 1: Fullur kennsludagur.

Dagur 2: Fullur kennsludagur.

Dagur 3: Fullur kennsludagur.

Dagur 4: Hálfur kennsludagur, að honum loknum sýning fyrir foreldra og einnig fá foreldrar útskýringar hvað börnin lærðu á námskeiðinu. Hvar styrkleikinn er og einnig hvað þau þyrftu að leggja meiri áherslu á ef það á við.

Innifalið í verði er akstur frá Flatey á Mýrum að skíðasvæði og til baka að Flatey, heitur drykkur með hádegisverði (te eða kakó).

Nemendur koma með sitt eigið holla og góða hádegisnesti, en sælgæti og gos er ekki leyfilegt.

Verð námskeiðs er 40.000.-

Akstur frá sundlaug Hafnar að Flatey kl.8:30 stundvíslega. kr. 500.- fram og til baka.

Þeir nemendur sem þurfa skíðaútbúnað leigðan geta leigt hjá okkur kr. 1.000.- pr. dag og hafa þá þann búnað út námskeiðið.

Við leigjum ekki skíðagalla/kuldagalla, skíðagleraugu og vettlinga.

Kennarar á námskeiðunum eru með skíða- og brettakennararéttindi og mikla reynslu í að kenna börnum.

Hafið í huga að börnin læra mest ef foreldrar eru í hæfilegri fjarlægð.

Vinsamlega mætið tímanlega.



Skráning á námskeiðin er í gegnum tölvupóst info@glacierjourney.is

A.T.H

Tómstundastyrkur Sveitarfélagsins Hornafjarðar nýttist fyrir þessi námskeið.

Glacier Journey er í samstarfi við hótél og gististaði sem veita allt að 50% afslátt á gistingu til þeirra sem koma lengra að á námskeiðin.



Myndir eru frá fyrri námskeiðum kennara

Hlífðarskildir framleiddir í Fab Lab smiðju Hornafjarðar

Nokkrar Fab Lab smiðjur hófu vinnu við að þróa og hanna hlífðarbúnað fyrir heilbrigðisstarfsfólk, en hann er af skornum skammti í mörgum löndum.

Í byrjun apríl fóru íslensku Fab Lab smiðjurnar að skoða þann möguleika að framleiða hlífðarbúnað fyrir andlit. Ákveðið var að óska eftir samstarfi við HR, Tækniskólann og síðar Bergplast. Fundað var í gegnum Zoom fjárfundabúnað og öllum gögnum komið fyrir á einum stað á Google Drive. Notast var við þrívíddarprentun til að gera frumgerðir af spöngunum í skildina.

Mjög fljótlega var farið að endurbæta frumgerðirnar í þeim tilgangi að gera skildina þægilega og mæta kröfum um hreinlæti og annað. Einnig voru gerðar tilraunir með hvernig ætti að framleiða skildina í Fab Lab smiðjunum. Á endanum var ákveðið að fræsa út spangirnar í yfirborðsfræsara í plastefni sem kallast PE-300. Það tók tíma að finna glæra



Elin Freyja lækni hjá HSU tók á móti hlífðarskjöldunum

plastið, en í samstarfi við Bergplast fundu þeir glært plast sem er notað í lok á skyrdósir. Fundin var leið til þess að skera glæra plastið í stórum yfirborðsfræsara eða Shop Bot.

Á sama tíma og hönnun hlífðarskjaldanna var tilbúin kom stór sending af hlífðarbúnaði frá Kína til Íslands fyrir sjúkrastofnanir á höfuðborgarsvæðinu. Þannig að þörfin var ekki til staðar þar. Á Höfn póstaði undirritaður myndum af skjöldunum á samfélagsmiðlum í þeim tilgangi að athuga hvort það væri þörf hér á staðnum. Elín Freyja Hauksdóttir lækni hjá HSU óskaði strax eftir 30 stykkjum og voru þeir framleiddir og afhentir fljótlega eins og greint var frá á Facebook síðu Vöruhúss.


Fyrir utan að það er ómetanlegt að fá að taka þátt í baráttunni við Covid-19 faraldurinn, þá hefur þetta verkefni jákvæð áhrif á Fab Lab smiðjurnar og getu þeirra til að vinna í samstarfi, bæði innan samstarfsnetsins og utan þess.

Það er öllum ljóst að komandi tímar verða erfiðir

fyrir íslenskt atvinnulíf, hruni þá var stóraukin aðsókn alls sveitarfélagið fer í nám.

Ekki varhluta af þessum hremmingum. Þörfin fyrir Fab Lab hönnunar- og nýsköpunar smiðjur á slíkum tímum er augljós. Ekki síst af fenginni reynslu frá síðasta

*Vilhjálmur Magnússon
forstöðumaður Vöruhúss
og Fab Lab smiðju
Hornafjarðar.*



Sveitarfélagið
HORNAFJÖRÐUR



Sveitarfélagið Hornafjörður auglýsir fjölbreytt sumarstörf laus til umsóknar.

Um átaksverkefni sveitarfélagsins er að ræða til að mæta þeim aðstæðum sem upp eru komnar í samfélaginu öllu og beinist úrræðið sérstaklega að nemendum á framhalds- og háskólastigi með lögheimili í sveitarfélaginu. Átakið miðar að því að styðja við þann hóp með því að ráðast í atvinnuskapandi verkefni innan allra starfssviða sveitarfélagsins og þannig veita nemum tækifæri til atvinnu í sumar.

Um margbreytileg störf og fjölbreytt verkefni er að ræða, s.s. skrifstofustörf, tölfræðiufravinnsla, skráning og flokkun, garðyrkjustörf, þátttaka í hönnun útisvæða, þátttaka í stærri þjónustuverkefnum innan sveitarfélagsins o.s.frv. Endanleg útfærsla starfa sem í boði verða liggur ekki fyrir þar sem markmiðið er að para þekkingu og reynslu umsækjenda við þau verkefni sem gætu fallið undir átaksverkefnið. Með þessum hætti getur sveitarfélagið reynt að mæta þörfum nema með sem bestum hætti.

Umsóknarfrestur er til og með 12. maí og skulu umsóknir sendar á sverrirh@hornafjordur.is. Kjör fara eftir kjarasamningi viðkomandi stéttarfélags og Launaneindar sveitarfélaga. Nemar af öllum kynjum eru hvattir til að sækja um.

Allar nánari upplýsingar veitir Sverrir Hjálmarsson, mannauðs- og gæðastjóri sveitarfélagsins.



Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / www.hornafjordur.is

Heilsuefling

Við lifum á fordæmalausum tímum eins og oft hefur verið haft að orði síðustu mánuði. Ekkert er eins og áður og engin veit hvenær ástandið breytist eða batnar. Það er gott að sjá hversu margir leggja leið sína út, bæði til að ganga og eins að hjóla. Það hefur sennilega aldrei verið jafn mikilvægt að hreyfa sig og huga að heilbrigðu lífni eins og núna.

Fjölmargir þættir hafa áhrif á heilsu og líðan fólks. Sumum áhrifaþáttum getum við ekki breytt eins og aldri og erfðum en við getum haft áhrif á aðra. Þeir þættir sem við getum sjálf haft áhrif á varðandi heilsueflingu er hreyfing, mataræði, svefn, góð samskipti, hreinlæti o.fl.

Allt spilar þetta saman þar sem ávinningur hreyfingar er t.d. betri svefn, meiri vöðvastyrkur minnkuð streita og meiri andleg vellíðan. Með því að fylgja ráðleggingum um hollt mataræði tryggjum við að líkaminn fær þau næringarefni sem eru honum nauðsynleg og stuðlar þannig beint að betri líðan. Margt skemmtilegt geta fjölskyldur gert saman til heilsueflingar, t.d. er tilvalið að ganga saman hér um nágrennið og jafnvel hægt að skora á aðra að ganga vist marga kílómetra.

Áskorun um heilsueflandi verkefni er góð og langar okkur að minna á Hjólað í vinnuna en þar gefst fólki hjá fyrirtækjum og stofnunum kostur á að hjóla eða ganga í vinnuna, skrá það niður og keppa þannig saman að því að fara lengra en önnur fyrirtæki. Þessi heilsueflandi atburður, Hjólað í vinnuna stendur yfir frá 6. maí til 26. maí. Margt fleira heilsusamlegt er hægt að gera saman eins og að fara í útileiki, jóga og ratleiki. Hægt er að fara í skemmtileg nestisferðalög þar sem nánasta nágrenni er kannað en nú streyma farfuglar til landsins og upplagt að skella sér út í náttúruna með kík og læra um hina fjölmörgu farfugla sem stoppa hér við hjá okkur. Það er alltaf vinsælt að fara í fjöruferðir en margt skemmtilegt leynt þar og margir dýrgripir sem finna má í þeim ferðum.

Eins og sjá má er margt skemmtilegt hægt að gera sér til heilsubótar og það er bara að smyrja nesti og drífa sig út með fjölskylduna í góða hreyfiferð.

Með sumarkveðju frá lýðheilsuráði.



Sveitarfélagið
HORNAFJÖRÐUR



Inntaksgrindur fyrir hitaveitu

Sveitarfélagið Hornafjörður fékk eftirfarandi tilboð í inntaksgrindur frá Danfoss vegna tenginga á hitaveitu í íbúðarhús. Húsasmiðjan bauð hagkvæmasta verðið.

- Sambyggð grind 24KW með 75KW neysluvatn 290.635 kr. m.vsk
- Sambyggð grind 36KW með 75KW neysluvatn 295.691 kr. m.vsk
- Húsasmiðjan veitir öllum sem kaupa inntaksgrind í gegn um sveitarfélagið 30% afslátt af pípulagningavörum.
- Pípulagningamenn geta veitt upplýsingar um hvaða grindur henta í viðkomandi íbúðarhúsnæði.

Fyrirkomulagið er eftirfarandi:

Panta þarf inntaksgrindur á netfangið afgreidsla@hornafjordur.is eða í síma 470 8000. Íbúar fá grindurnar afhentar hjá Húsasmiðjunni gegn kvittun frá sveitarfélaginu. **Athugið**, skýrt þarf að vera hvaða grind er pöntuð því starfsmenn sveitarfélagsins sjá ekki um að meta slíkt. **Pantanir skulu berast fyrir 17. maí.**



Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / www.hornafjordur.is



Sveitarfélagið
HORNAFJÖRÐUR



Leikskólinn Sjónarhóll auglýsir eftir leikskólakennurum og starfsfólki til vinnu inni á deildum.

Helstu verkefni og ábyrgð:

Að vinna að uppeldi og menntun leikskólabarna samkvæmt starfslýsingu leikskólakennara og leiðbeinanda þ.m.t. að taka þátt í skipulagningu faglegs starfs og foreldrasamstarfs.

Hæfniskröfur:

- Leikskólakennaramenntun eða önnur sambærileg uppeldismenntun.
- Reynsla af uppeldis- og kennslustörfum með ungum börnum æskileg.
- Lípurð og sveigjanleiki í samskiptum
- Frumkvæði í starfi og faglegur metnaður
- Sjálfstæð og skipuleg vinnubrögð
- Góð íslensku kunnátta

Einnig auglýsir leikskólinn eftir matráð.

Helstu verkefni:

Sér um að elda mat í samráði við yfirmatráð og annast frágang, auk þess að þvo þvott og ganga frá honum.

Hæfniskröfur:

- Reynsla sem matráður eða af öðru sambærilegu starfi.
- Fraumkvæði, skipulagshæfni og drifkraft í starfi.
- Lípurð og sveigjanleiki í samskiptum.
- Sjálfstæð og vandvirkni í vinnubrögðum.

Sjónarhóll er sex deilda leikskóli sem er á Höfn í Hornfirði. Leikskólinn opnaði í nýju húsnæði í ágúst 2018.

Skemmtileg vinna í boði fyrir einstaklinga 18 ára og eldri sem hafa gaman að vinna með börnum.

Laun greidd samkvæmt samningum launanevndar Sveitarfélaga og víðeigandi stéttarfélags.

Umsækjendur þurfa að geta hafið störf þann 11. ágúst næstkomandi.


Umsóknarfrestur er til 1. júní 2020.

Umsóknir ásamt ferilskrá berist til Elinborgar Hallbjörnsdóttur leikskólastjóra á netfangið: elinborgh@hornafjordur.is



Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / www.hornafjordur.is

BYGGJUM RÉTTLÁTT ÞJÓÐFÉLAG



Vegna óvenjulegra aðstæðna í samfélaginu getur AFL Starfsgreinafélag ekki boðið Austfirðingum til kaffisamsætis í tilefni dagsins eins og hefðbundið er.

Við hvetjum launafólk á Austurlandi til að nota daginn sér og fjölskyldunni til góðs en um leið að gefa sér tíma til að hugleiða ástandið í þjóðfélaginu. Við þurfum að skoða hvaðan við komum og hvert við erum að fara.

Fyrir 100 árum átti almennt launafólk ekkert nema fátæktina. Við höfðum engin réttindi og fáa málsvara. Síðan þá hefur mikið gerst í réttindamálum okkar og við höfum náð miklum árangri.

Nú erum við að upplifa annað efnahagshrun á 12 árum og það er tilefni til þess að við hugleiðum stöðu okkar og hvert við ætlum í framhaldinu. Verður það okkar hlutskipti að hífa atvinnulífið upp úr gjaldþrotum á 10 ára fresti í framtíðinni og greiða fyrir það með sköttum okkar og með eigin þrengingum.

Við segjum nei – við segjum „byggjum réttlátt samfélag“.

